

**Mál nr. 72/2023**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.**

**Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar(X)**

### **Skaðabótaábyrgð.**

**Gögn.**

1. Málskot mótttekið 22. febrúar 2023, ásamt fylgiskjöllum.
2. Bréf V dags. 17. mars 2023, ásamt fylgiskjöllum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 21. mars 2023.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 24. mars 2023.

**Málsatvik.**

Í málskoti kemur fram að þann 24. ágúst 2022 hafi M slasast á horni Bergstaðastrætis og Hallveigarstígs er rafhjól sem M var með í leigu fór skyndilega úr 10 km/klst hraða í 25 km/klst hraða með þeim afleiðingum að hún féll af hjólinu. M hefur gert kröfu í ábyrgðartryggingu X hjá V vegna tjónsins. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X með bréfi dags. 6. desember 2022 á grundvelli þess að slysið megi rekja til óhappatilviljunar sem að hluta hafi verið rakin til aðgæsluleysis M. M mótmælir afstöðu V og telur ljóst að slysið megi rekja til saknæms vanbúnaðar X. M byggir á því að X hafi vanrækt að gæta að öryggi notenda þjónustu sinnar þ.e. rafhlaupahjólanna. M telur að auknar kröfur séu á X þar sem um er að ræða þjónustufyrirtæki og mikill fjöldi fólks nýtir sér þjónustu þeirra á degi hverjum. Með þessu gáleysi X hafi myndast slysagildra, sem hafi orðið til þess að M slasaðist. M telur að orsök slyssins megi rekja til þess að öryggi rafhlaupahjólans hafi verið ófullnægjandi í umrætt sinn en umrætt hjól hafi sjálfkrafa og skyndilega farið úr 10 km/klst. yfir í 25 km/klst. Í upplýsingum sem finna má úr snjallsímaforriti X megi eingöngu sjá upplýsingar um að hjólið komist að hámarki í 25 km/klst., en ekki er að finna upplýsingar um að hjólið skipti um hámarkshraða á svæðum. M hafi ekki vitað að hún hafi verið inni á lághraðasvæði enda engar upplýsingar um það í snjallsímaforriti X. Ákveðin svæði eru merkt með gulu í forritinu en hvergi er getið um hvað það þýðir fyrir notanda. M hafi verið með inngjöfina í botni þar sem hraðinn komst einungis upp í 10 km/klst., en svo hafi það rokið án viðvarana upp í 25 km/klst. M hafi ekki getað vitað af umræddum breytingum þar sem hún fékk hvorki viðvörun þess efnis né upplýsingar um það í snjallsímaforriti X.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X á grundvelli þess að M hafi ekki sýnt fram á að slys hennar verði rakið til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M. M hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýna fram á að rafhjólið sem hún féll af hafi á einhvern hátt verið bilað eða vanbúið. Samkvæmt kröfum frá Reykjavíkurborg er hraði hjólanna dreginn niður á göngugötum og vistgötum til þess að gæta að öryggi vegfarenda. Þegar ekið er út úr slíku svæði fer hjólið ekki sjálfkrafa upp í 25 km/klst. hraða heldur stjórnar ökumaður rafhjólans hraðanum með inngjöf og bremsu. Slys M sé þannig rakið til óhappatilviljunar en ekki saknæms vanbúnaðar sem X gat borið ábyrgð á gagnvart M.

**Álit.**

Ágreiningur þessa máls snýst um það hvort líkamstjón M megi rekja til saknæmra mistaka starfsmanna X eða saknæms vanbúnaðar rafhjóla í eigu þess þannig að bótaskylda stofnist úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum í skaðabótarétti ber sá sönnunarbyrði um atvik og aðstæður sem telur annan bera skaðabótaábyrgð á sínu tjóni. Slíka sönnunarbyrði ber M í þessu máli og telst hún ekki hafa lagt fram gögn sem sýna fram á að hraðabreyting rafhjólans hafi verið það snögg að M hafi ekki haft tækifæri til að bregðast við í ljósi þess að hún stjórnaði sjálf hraða rafshjólans með inngjöf og hemlum. Engar upplýsingar liggja fyrir um að leigjendur slíkra rafhjóla hafi slasast við það að fara út af hraðatakmörkunarsvæðum eða að slíkt fyrirkomulag sé á nokkurn hátt hættulegt leigutökum þannig að vara þurfi sérstaklega við hættu sem fylgir hraðabreytingu þó taka megi undir að upplýsa megi leigutaka betur um mismunandi hraðasvæði í snjallsímaforriti X. Hallann af sönnunarskoti í málinu verður því að leggja á M sem á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 18. apríl 2023,

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir